

Starfsáætlun Kirkjubóls skólaárið 2010-2011

Markmið

1. Flétta fjölgreindunum inn í starf leikskólans
2. Eignast merki/tákn fyrir Kirkjuból (einkunnarorðin myndræn)
3. Halda áfram að vinna í þróunarverkefninu „Lesmál-mál til komið að lesa“ sem er samvinnuverkefni í leikskólum bæjarins.
4. Vinna í skólanámsskrá, klára námskrár fyrir hvern hóp fyrir sig.
5. Tengja nýja skólastefnu Garðabæjar fyrir 2010-2013 inn í starfið.
6. Brúum bilið - Markvissara samstarf við Flataskóla sem er heimaskóli Kirkjubóls.
7. Gera starfið sýnilegra foreldrum t.d. í gegnum heimasíðu, tölvupósta og aðrar leiðir.

Þema skólaársins er veður

Leiðir að markmiðum

Veðrið

Þemað fléttast inn í öll námssvið leikskólans. Við förum yfir einkenni hverrar árstíðar fyrir sig, bætum við orðaforðann, veðurfræðingar eru inn á deildum og reynum að upplifa veðrið á sem fjölbreyttastan hátt í gegnum hreyfingu, myndlist, tónlist, bækur og tilraunir. Reynum að nálgast viðfangsefnið á sem fjölbreyttastan hátt og nýtum öll tækifæri sem gefast í þá vinnu.

Fjölgreindir

Fara yfir leikefni leikskólans út frá fjölgreindunum átta og kynna okkur enn frekar hvernig við getum tengt fjölgreindirnar inn í leikskólastarfið. Fyrirlestur um efnið verður á skipulagsdegi 17. september þar sem leikskólastjóri með þekkingu á fjölgreindarstarfi miðlar af reynslu sinni. Við ætlum að horfa á börnin út frá sterkum hliðum þeirra og áhugasviði og því hvað þau geta.

Merki leikskólans

Það hefur lengi verið draumur að eignast táknmynd fyrir Kirkjuból og jafnvel reyna að tengja myndina einkunnarorðum leikskólans sem eru Virðing-Vinátta-Væntumþykja. Stefnum að því að virkja listræna hæfileika í húsinu til þess að hanna fyrir okkur merki.

Lesmál-þróunarverkefni

Markmið verkefnissins er annars vegar að þróa markvissar sögu- og samræðustundir í leikskólum Garðabæjar. Þeim er ætlað að stuðla að auknum hlustunar- og málskilningi

barna, auka orðaforða þeirra, hugtakaskilning og tjáningu. Hins vegar er markmið verkefnissins að fræða foreldra leikskólubarna og styðja í hlutverki sínu í málörvun barna. Verkefnið fellur því að lestrarkennslu og læsi í víðum skilningi. Yfirumsjón verkefnisins er í höndum Önnu Magneu Hreinsdóttur leikskólafulltrúa.

Vinnan frá síðasta vetri heldur áfram með markvissari sögu- og samræðustundum og einnig veljum við orð sem við leggjum sérstaklega inn hjá börnunum með ýmsum aðferðum.

Tengjum verkefnið inn í þema vetrarins.

Skólanámsskrá og ný skólustefna Garðabæjar

Skólanámsskrá krefst stöðugar endurskoðunar og við höfum verið að endurskoða og búa til námskrá fyrir hvern aldurshóp fyrir sig. Leitast verður við að skapa samfellu í námi barnanna. Halda áfram með þá vinnu og einnig ljúka við námskrá í lífsleikni.

Innleiðing á nýrri skólustefnu Garðabæjar. Börn, foreldrar og starfsfólk munu í samstarfi skoða hvernig við uppfyljum markmið stefnunnar og tengjum hana inn í starf og skólanámsskrá leikskólans.

Brúum bilið

Hver leikskóli í Garðabæ á sinn heimaskóla þó svo að misjafnt sé í hvaða grunnskóla börnin fara. Heimaskóli Kirkjubóls er Flataskóli og stefnt er að markvissari samstarfi við hann í vetur. Í því felst að aukin samskipti verða á milli skólanna með heimsóknum á báða bóga og jafnvel sameiginleg verkefni. Leikskólakennararnir fá þannig tækifæri á að fá innsýn inn í starf grunnskólans og öfugt.

Grænfánaverkefni

Markvisst verður unnið áfram að flokka allan úrgang, endurnota, endurnýta og minnka þann úrgang sem er urðaður. Einnig verður áhersla á að minnka rafmagns- og vatnsnotkun.

Foreldrasamstarf

Við viljum halda áfram öflugum samstarfi við foreldra. Höfum reglulega samveru annaðhvort að morgni eða eftirmiðdegi, samstarf við heimili í tengslum við ýmsar upptökur í starfinu og upplýsingar um starfið aðgengilegar á heimasíðu, upplýsingatöflum og í fréttabréfi. Einnig er markmið okkar að gera foreldra meðvitaðri um starfið sem fram fer innan leikskólans með auknu upplýsingaflæði.

Foreldrar koma einnig að vinnunni í kringum innleiðingu á nýrri skólustefnu.

Foreldraráð og stjórn foreldrafélags hittist reglulega með leikskólustjóra.

Starfsmannamál

Við erum með öflugan starfsmannahóp í húsinu fyrir skólaárið, þar er bæði fagmenntað starfsfólk og leiðbeinendur með góða starfsreynslu. Við erum komin upp á lag með að nýta

mannauðinn í húsinu og verkaskipting starfsfólks fer þannig að einhverju leiti eftir menntun, áhuga og reynslu.

Skólaárinu er skipt upp með eftirfarandi hætti í starfi okkar:

Í september, október og nóvember er náttúra og umhverfi ríkjandi svið. Unnið er með haustið og breytingarnar í náttúrunni á veðri, gróðri, fuglalífi og birtu. Leikið með ljós og skugga þegar fer að dimma.

Desember er jólamánuður og dagskráin þá nokkuð fastmótuð.

Í janúar, febrúar og fram í mars er menning og samfélag ríkjandi svið. Þá er horft um öxl og gamla tímanum gerð góð skil, þorranum, góunni og öðrum þjóðlegum hefðum.

Í mars, apríl og maí er náttúra og umhverfi ríkjandi svið. Börnin sá sumarblómum, fylgjast með náttúrunni vakna til lífsins og taka þátt í að vorhreinsun bæjarins.

Í júní, júlí og ágúst er starfið frjálssara, helgast af veðri og fjölda barna. Höldum áfram að fylgjast með náttúrunni, blómum, fuglum og ræktum grænmeti í skólagörðunum.

Tónlist, hreyfing, myndlist, málörvun, stærðfræði og lífsleikni fléttast inn í allt starf árið um kring.

Halda áfram því góða starfi sem unnið er með börnunum